



Alþingi
Erindi nr. Þ 125/1438
komudagur 5. 4. 2000

Reykjavík 3. apríl 2000

Umhverfisnefnd Alþingis
B.t. Evu Margrétar Ævarsdóttur
Alþingi

150 REYKJAVÍK


Meðfylgjandi er umsögn Verkfæðingafélags Íslands, um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum 386. mál, sem unnin er af Hafsteini Helgasyni, fyrir félagið.

Virðingarfyllst,

Logi Kristjánsson
framkvæmdastjóri VFI



Minnisblað

Verk: Verkfræðingafélag Íslands
 Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum
 Dags.: 20.03.00
 Dreifing:  Logi Kristjánsson
 Sendandi: Hafsteinn Helgason, verkfræðingur

Að beiðni Verkfræðingafélagsins hef ég kynnt mér frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum sem lagt verður fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi 1999-2000.

Neðangreindar ábendingar eru þær helstar sem ég tel vert að koma áleiðis til Umhverfisnefndar Alþingis.

Það er von mín að með þessu sé beiðni Verkfræðingafélagsins svarað.

Hafsteinn Helgason, verkfræðingur

Línuhönnun hf. verkfræðistofa

Kafli I

Grein 3, bls. 1 og 2

Heppilegt væri að bæta við skilgreiningar samanber 3. gr. Hér má nefna:

- Endurskipulagning á landareignum (umfjöllun í 2. viðauka, atriði 1.a.)
- Paulnýtinn landbúnaður (umfjöllun í 2. viðauka, atriði 1.b.)

Kafli II

Grein 4, bls. 2

Í 4. gr. segir orðrétt: "... og veitir leiðbeiningar og ráðgjöf samkvæmt þeim." Fyrr í sömu setningu er sagt að Skipulagsstofnun sé ráðherra til ráðgjafar, sem er eðlilegt og sjálfsagt. Aftur á móti má túlka þann hluta setningarinnar sem hér er í gæsalöppum þannig að stofnunin eigi einnig að vera ráðgefandi út á við. Þennan skilning má einnig finna í skýringum með greininni. Það er mat mitt

að sleppa megi tvö orð úr setningunni, þ.e.a.s. og ráðgjöf. Þetta er lagt til vegna þess að stofnunin á alls ekki að fara inn á starfssvið verkfræðistofa eða lögfræðistofa. Mér þykir líklegt að löggjafinn eigi við að stofnunin eigi einungis að vera ráðherra til ráðgjafar. Það verður ótvírætt tilfellið við að fjarlægja ofangreind tvö orð úr setningunni. Eftir sem áður getur stofnunin verið leiðbeinandi til þeirra sem þangað leita.

Vakin er athygli á því að í skýringartexta með 14. gr. laganna er að finna setningu sem skilja má svo að stofnunin geti veitt ráðgjöf til almennings.

Kaflí III

Grein 10, bls. 4

Í 10. gr. segir orðrétt í 2. mgr. “Skipulagsstofnun kynnir hina fyrirhuguðu framkvæmd og matsskýrslu.” Í 3. mgr. segir orðrétt “Framkvæmdaraðili skal kynna framkvæmd og matsskýrslu í samráði við Skipulagsstofnun eftir að skýrslan hefur verið auglýst”.

Í 10. gr. 2. mgr. er einnig vísað til þess hvar og hvernig kynningin eigi að fara fram. Þ.e.a.s. með auglýsingu í vissum blöðum. Í 3. mgr. er ekkert sagt til um hvernig kynningin eigi að fara fram.

Löggjafinn vill án efa að kynning samkvæmt 3. mgr. fari fram með kynningarfundum en samkv. 2. mgr. með auglýsingu eins og reyndar kemur fram í 2. setningu 2. mgr. Ljóst er að umræddar kynningar eru ekki eins, og færi að mínu mati betur á því að í stað orðsins kynning í 2. mgr. verði notast við orðið auglýsir. Spurning er hvort skýra eigi frekar hvað átt er við með kynningu í 3. mgr. Þar kæmi til álitu að nefna kynningarfund/opið hús eða gerð kynningarefnis annars en matsskýrslunnar.

Athygli er vakin á því að það getur verið heppilegt og jafnvel nauðsynlegt fyrir framkvæmdaraðila að kynna framkvæmd sína einnig á vinnslustigi umhverfismatsins. Vissulega er slíkt ekki útilokað samkv. því sem stendur í 1. setningu 3. mgr.

Ákvæði til bráðabirgða, bls. 7

Athygli er vakin á því að hvergi er minnst á tímamörk sem gilda frá því að tilkynnt er um að matsferli sé í vinnslu og þar til leggja skuli fram matsskýrslu. Aftur á móti er minnst á 10 árin í 11. gr. Þetta er sérstaklega áhugavert að skoða í samhengi við atriði II undir umfjöllun um ákvæði til bráðabirgða. Þar segir orðrétt “Mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara skal lokið samkvæmt eldri lögum.

Í þessu sambandi má nefna raunverulegt dæmi:

Umhverfismat fyrir Magnesíumverksmiðju á Reykjanesi hófst fyrir nokkrum árum síðan. Frummatsskýrslan hefur enn ekki verið lögð fram. Starfsemin er mengandi og hefur vissa hættu í för með sér. Framkvæmdin mun væntanlega hafa í för með sér umtalsverða vinnslu skeljasands af sjávarbotni, langt umfram það magn sem kemur fram í nýju lögnum. Samt á í ljósi nýju laganna að afgreiða þessa framkvæmd án skilyrða samkvæmt gömlu lögnum, en samkvæmt þeim er slík

efnistaka ekki matsskyld! Því er spurning hvort undir lið II. í kaflanum um Ákvæði til bráðabirgða eigi ekki að hafa setninguna svona:

Mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara skal lokið samkvæmt eldri lögum, nema Skipulagsstofnun ákveði annað.

Við úrskurð sinn skal Skipulagsstofnun einnig styðjast við 3. viðauka laganna.

1. viðauki,

15. atriðið, bls 9

Athygli er vakin á því að með því að færa mörkin niður í 50.000 p.e. úr 150.000 p.e., munu mun fleiri sveitarfélög hér á landi þurfa að láta framkvæma umhverfismat vegna skólphreinsistöðva sinna. Þetta mun hafa í för með sér aukalegan kostnað sveitarfélaga á landsvísi um sem nemur tugum milljóna, bregðist þau ekki við með örðum hætti, þ.e.a.s. að láta þá sem menga hreinsa áður en þeir veita skólpi í kerfi sveitarfélagsins. Það er rétt eins og fram kemur í skýringum með 15. atriði viðaukans, að verksmiðjur geta mengað umtalsvert. Í því sambandi má nefna að öflug fiskvinnsla á Íslandi með einfaldan síubúnað, mengar á við 20-40 þús. p.e. Öflugar rækjuvinnslur liggja mun hærra.

Varðandi þessi mál almennt, væri mun áhugaverðara og jafnvel eðlilegra að taka sniðræsagerð, dælustöðvar og skólphreinsistöðvar inn í eitt umhverfismat. Þetta er sagt vegna þess að fordæmi er fyrir hatrömmum deilum vegna skólpdælustöðvar sem reist var við Ægisíðu í Reykjavík. Líta má á að slíkt gæti þá farið í annarskonar mat, sem er góð nýjung í lögnum.

24. atriði bls. 9

Athygli vekur að fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli séu einungis matysskyldar ef þær eru með framleiðslugetu **1.000 tonn á sólahring** eða meiri.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að lyktarmengun getur verið mikil frá þessari tegund rekstrar óháð framleiðsuafköstum.

Einnig er vert að minna á að í dreifbýli finnst mengun einnig og þar geta verið hagsmunaaðilar sem gætu þrýst á um matsferli.

Að lokum er rétt að minna á að skilgreint dreifbýli er oft ekki langt frá skilgreindu þéttbýli, skilin eru um eina hármjóa línu!

Eðlilegt er að þessi tegund starfsemi eigi að vera matsskyld óháð staðsetningu, nema ef frá væru taldar verksmiðjur um borð í skipum sem eru nægjanlega (þarf að leggja mat á) langt frá landi.